

Stjórnarfundur 21. júní 2017

Mættir: Leifur Arason, Maríanna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir og Kristrún Ágústsdóttir (símleiðis).

Hjörtur Bergstað og Svafar Magnússon voru fjarverandi að eigin ósk vegna persónulegra tengsla við málefni fundarins.

Málefni tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra Fáks - starfsviðtöl.

Niðurstöður starfsviðtala voru kynntar viðstöddum stjórnarmeðlimum og ræddar.

Af 9 umsækjendum um stöðu framkvæmdastjóra Fáks voru 6 einstaklingar boðaðir í starfsviðtal.

Viðtölin tóku Leifur Arason (varaformaður Fáks), Maríanna Gunnarsdóttir (meðstjórnandi) og Sigurlaug Anna Auðunsdóttir (meðstjórnandi).

Eftir umræður samþykkti stjórnin einróma að ganga til samningaviðræðna við Þóri Örn Grétarsson, sem var af öllum viðstöddum stjórnarmeðlimum talinn hæfasti umsækjandinn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.